

sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli. En með því hinsvegar nokkrar líkur eru til þess, að hinn ákærði hafi verið staddur við Elliðaárnar 25. júlí f. á. og hafi átt einhver mök við úrrifsmennina, og hann þar að auki með því að skrifa undir nefnt brjef til landshöfðingja hefur sjálfur verið þess ollandí, að mál þetta var höfðað á hendur honum, þá ber honum að greiða allan af því bæði fyrir undir- og yfirdómi löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til talsmanns síns í hjerði og fyrir yfirdómi 16 kr. og til sóknara við yfirdóminn 10 krónur.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Páll Eyjolfsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Þó ber honum að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til talsmanns síns í hjerði og fyrir yfirdómi, Páls málaflutningsmanns Melsted's, 16 kr., og til sóknara við yfirdóminn, Jóns setts málaflutningsmanns Jónssonar, 10 krónur.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. októberm.

Nr. 42/1880.

Georg Thordahl.

gegn

Jóni landritara Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 11. dag marzmán. þ. á., var

Jón landshöfðingjaritari Jónsson dæmdur fyrir ærumeiðing gegn verzlunarmanni Georg Thordahl í 6 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 2 daga ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, og til að greiða Thordahl 10 kr. í málskostnað. Svo eru og þau orð, sem Thordahl taldi meiðandi fyrir sig, dæmd dauð og marklaus.

Þessum dómi hefur Georg Thordahl skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 18. ágústmán. þ. á., og krafizt, að hann verði staðfestur, og hinn stefndi skyldaður til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Á hinn bóginn hefur Jón ritari Jónsson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dagsettri 6. septbr. þ. á., og krafizt fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur ásamt úrskurði þeim, sem kveðinn var upp í málinu 12. febr. þ. á., verði að öllu eða nokkru leyti dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, en til vara, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum aðaláfrýjandans í þessu máli, og að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til, hvernig sem úrslit málsins verða, að greiða sjer allan af málinu löglega leiðandi kostnað bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi.

Hinn 29. janúarmán. þ. á. fjekk gagnáfrýjandi frest fyrir undirdómi í málinu í 8 daga, og þegar sá frestur var liðinn, fjekk hann enn frest í 8 daga til að svara í málinu. Sá frestur var liðinn 12. dag febrmán.; en þann dag kom hann ekki fram með neina vörn í málinu, en sýndi í rjettinum stefnu, er hann hafði tekið út til að leiða vitni, og átti samkvæmt henni sú vitnaleiðsla að fara fram 19. s. m. Aðaláfrýjandi mótmælti því, að gagnáfrýjanda væri veittur frestur til vitnaleiðslu þessarar og var gagnáfrýjanda með úrskurði rjettarins sama dag neitað um hann. Á þenna úrskurð

hjeraðsrjettarins verður yfirdómurinn að fallast, því gagnáfrýjandi hafði haft nægan tíma til þess að koma fram vitnaleidslu sinni, og bar því eigi að veita honum til þess lengri frest, sbr. 11. og 12. gr. tilskip. 15. ágústmán. 1832. Aðalkrafa gagnáfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Tildrög máls þessa voru þau, að gagnáfrýjandi ljet festa upp á nokkrum stöðum hjer í kaupstaðnum fundarboð dagsett 8. desembermán. 1879, þar sem mönnum er boðið að hlýða á fyrirlestur hans um stjórn-frelsi; er þar sagt, að aðeins þeir sjeu útilokaðir, sem ekki kunna að gæta síðsemis á almennum fundum. Þar á eptir er farið þessum orðum um aðaláfrýjanda:

Georg fyrrum «assistønt» Thordahl er jeg búinn að skora á lögreglustjóra bæjarins að taka fyrir útaf óreglu þeirri, sem hann er sagður að hafa orðið sekur í á síðasta ræðufundi mínum». Verður yfirdómurinn að vera á sama máli og undirdómurinn um, að þessi yfirlýsing gagnáfrýjanda, einkum þegar hún er borin saman við þau orð, sem standa næst á undan í fundarboðinu, sje meidandi fyrir aðaláfrýjandann, og að gagnáfrýjandinn því samkvæmt 219. sbr. 218. gr. alm. hegnl. hafi unnið til sektar, og virðist hún eptir atvikum hæfilega ákveðin af undirdómaranum 6 kr.

Einnig verður yfirdómurinn að fallast á ákvörðun hjeraðsrjettarins um málskostnað fyrir honum, eins og líka, að rjett var samkvæmt 220. gr. hegningarlaganna að dæma hin meidandi ummæli dauð og marklaus samkvæmt kröfu áfrýjanda. Að því málskostnað fyrir yfirdómi snertir, þá virðist rjett að skylda gagnáfrýjanda til að endurgjalda aðaláfrýjanda hann með 10 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda í máls-
kostnað fyrir yfirdómi 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því
hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvembermán.

Nr. 51/1880

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Guðmundssyni

og

Ragnhildi Kr. Bjarnadóttur

D ó m u r :

Með því að mál þetta hefur verið dæmt í hjer-
aði, án þess að hinum ákærða hafi verið löglega stefnt
til að þola dóm, en það getur ekki haft lagalega þýð-
ingu í máli, sem á að fara með sem sakamál, þó hin
ákærðu hafi skuldbundið sig til að gefa sig fríviljuglega
fram og þola dóm án stefnufyrirkalls, eins og líka hin-
um ákærðu ekki hefur verið skipaður talsmaður fyrir
undirrjettinum eptir beiðni þeirra, þá ber að dæma
hinn áfrýjaða undirrjettardóm og meðferð málsins í
hjeraði ómerkt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur í máli þessu og meðferð
þess í hjeraði á ómerkt að vera.

Mánudaginn 8. nóvembermán.

Nr. 46/1880

Eyjólfur Eyjólfsson

gegn

Þorláki Guðmundssyni